

Tengingar við annan hugbúnað



Almennt

Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið hjálpar þér með einfaldari og hagkvæmari hætti að stýra viðhaldi á eignum fyrirtækisins, þ.e. viðhaldsverkefnum, viðhaldssögu og kostnaði.

Tilgangurinn með því að tengja saman Maintx og annað hugbúnaðarkerfi er að hámarka skilvirkni og koma í veg fyrir tvíverknað eða mismun. Samþáttun gerir gögn aðgengilegri fyrir hvort kerfið fyrir sig og sér um að gögnin fari á milli kerfanna. Þessi gagnasamskipti geta falið í sér að kerfin lesa gögn í hvor öðru, senda gögn á milli eða hvoru tveggja.

Að öllu jöfnu er tiltölulega auðvelt að tengja og samþætta Maintx við ýmsan hugbúnað svo sem eftirlitskerfi, mælitæki og viðskiptahugbúnað. Mikill ávinningur felst í því að samnýta gögn sem er að finna í kerfum og tækjum til að auka skilvirkni og framleiðni. Við bjóðum ýmsar lausnir til þess að tengja Maintx við mismunandi kerfi:

Dæmi um hugbúnað sem unnt er að tengja við Maintx til að samnýta gögn:

Viðskiptahugbúnaður	Hússtjórnarkerfi	Prófunarkerfi
Ferilvöktunarkerfi	Mælitæki	Eftirlitskerfi
Varahlutastjórnunarkerfi	Launa- eða tímaskráningarkerfi	Rauntíma staðsetningarkerfi

1. Navision og annar viðskiptahugbúnaður

Til þess að skapa skilvirka samþáttun hugbúnaðarkerfa í fyrirtækjum bjóðum við tengingu til þess að deila viðskiptaferlum á milli Maintx og viðskiptahugbúnaðar. **Til dæmis bjóðum við upp á tilbúna tengingu við Navision.** Við bjóðum einnig upp á að útbúa tengingu við m.a. Microsoft Dynamics/Axapta og DK.

Við látum viðskiptavinum okkar ákveða hvaða viðskiptaferla í viðhaldsstjórnun þeirra eigi að láta Maintx annast og hvaða ferla eigi að láta viðskiptahugbúnaðinn annast. Helstu viðskiptaferlar að hafa í huga hér eru aðallega: vörubirgðir, innkaup á varahlutum og meðferð sölureikninga.

Maintx-tenging kerfishlutinn er verkfærakista með nauðsynlegum þáttum til þess að byggja tengingar til þess að deila viðskiptaferlum á milli viðhaldsstjórnunar- og viðskiptahugbúnaðar.

Dæmi: Ef að viðskiptavinur velur t.d. að nota innkaupabáttinn í viðskiptahugbúnaðinum fyrir varahluti. Þá þarf í þessu tilviki beiðni um kaup á varahlut að fara frá Maintx í viðskiptahugbúnaðarkerfið. Almenn t „á“ Maintx varahlutinn þó svo að stöðu varahlutabirgða sé stundum einnig stjórnað úr viðhaldsstjórnunarkerfinu. Frá sjónarhorni notanda þá geta almennir notendur framkvæmt allar aðgerðir í sjálfu viðhaldsstjórnunarkerfinu. Notendur munu ekki verða varir við að þeir séu í reynd að vinna í tveimur hugbúnaðarkerfum.

2. Hússtjórnarkerfi

Maintx getur sjálfvirkt á grundvelli margvíslegra tilkynninga sem verða til í hússtjórnunarkerfum útbúið verkbeiðnir fyrir úttektir eða viðgerðir eftir því sem með þarf.

3. Prófunarkerfi

Hvernig ferðu að því að halda tæknilegum búnaði sem þarf fínstillingu í besta ástandi? Ef þú notar prófunarhugbúnað (calibration software) til þess að prófa og aðlaga tækin þá er unnt að flytja þessar upplýsingar í Maintx til þess að sjálfvirkt útbúa viðhaldsverkbeiðnir fyrir prófanir, stillingar og aðlögun, auk þess að fylgjast með breytingum á aflestri og nota þær til viðmiðunar.

4. Ferilvöktunarkerfi

Mikil reynsla er komin á tengingu Maintx við margvísleg ferilvöktunarkerfi eins og t.d. TrackWell og Spora. Unnt er að nota þessar upplýsingar m.a. til þess að uppfæra vörubirgðir varahluta á grundvelli notkunar, uppfæra kílómetrastöðu á notkun og útbúa verkbeiðnir á grundvelli gagna úr kerfinu.

5. Mælitæki

Veigamikill þáttur í fyrirbyggjandi og skipulögðu viðhaldi tækja er að nýta upplýsingar um ástand, notkun og tíma samkvæmt mælitækjum til þess að setja í gang úttektir eða aðgerðir. Mikil reynsla er komin af því að tengja saman mælitæki og Maintx þannig að kerfið útbúi sjálfvirkt verkbeiðnir í samræmi við fyrirfram skilgreindar viðmiðanir.

6. Eftirlitskerfi

Upplýsingar um verkbeiðnir sem vistaðar eru í Maintx er unnt að nota til þess að mæta margvíslegum kröfum opinberra eftirlitsaðila, viðskiptavina og annarra. Þegar úttektir fara fram er unnt að útbúa skýrslur sem sýna að staðið sé rétt að hlutunum. Í öðrum tilvikum er stundum settur upp eftirlitshugbúnaður vegna ákveðinna krafna. Í þeim tilvikum getur verið til bóta að tengja kerfin tvö saman þannig að þegar verkbeiðni er lokað þá séu upplýsingarnar sendar sjálfvirkt á milli.

7. Varahlutastjórnunarkerfi

Maintx er með fullbúnum kerfishluta til þess að hjálpa þér að stýra innkaupum, birgðastöðu og notkun varahluta. Hins vegar eru dæmi um það að fyrirtæki séu með hugbúnaðarkerfi fyrir varahlutastjórnun sem nær yfir margar deildir innan þeirra og að þau vilji halda því fyrirkomulagi. Í þeim tilvikum er unnt að samþætta Maintx við slíkt kerfi og láta upplýsingar flæða á milli.

8. Launa- og/eða tímaskráningarkerfi

Að fylgjast með vinnustundum er mikilvægur þáttur í Maintx. Þetta hefur áhrif á áætlanagerð vegna starfsmanna, skýrslur, kostnað við verkbeiðnir o.fl. Þó svo unnt sé að fylgjast með þessum upplýsingum í Maintx þá hentar það sumum fyrirtækjum að flytja þessar upplýsingar í launakerfi sitt til að nota þar og/eða flytja upplýsingar um vinnustundir úr tímaskráningakerfi yfir í Maintx.

9. Rauntíma staðsetningarkerfi

Ertu með verðmæt tæki sem eru mikið á ferðinni? Ert þú að nota staðsetningarbúnað til að fylgjast með þeim? Ef svo er þá ættir þú að skoða það að flytja gögnin í Maintx. Að hafa eftirlit með staðsetningu mikilvægra tækja í Maintx getur hjálpað þér að skipuleggja vinnu við viðhald þeirra og auka framleiðni með því að hafa til hliðsjónar aðgengi að þeim.